

# Leirvogsá

## Rannsókn á seiðabúskap 2021

Fiski - Rannsóknir - Ráðgjöf  
Jón Kristjánsson, desember 2021

### Samantekt

Vorið var mjög kalt en þó var meðalhiti í ánni fremur hár vegna mikils sólfars í maí. Ekki er vitað hver áhrif það hefur á göngutíma gönguseiða en víst er að köldu vori fylgir oftast léleg laxagengd árið eftir. Gott vatn var í ánni en veiðin fremur lítil. Seiðafjöldi á fyrsta ári er yfirdrífinn og veldur slökum vexti seiða. Hrygningastofninn er allt of stór.

### Seiðarannsóknir

Rafveitt var í Leirvogsá ofar Hrafnhólabrúar 11. maí. Á stöðvum 4-7 á fiskgenga hlutanum og á tveimur stöðum ofan við Tröllafoss, stöðvum 1 og 2. var veitt um mánaðarmótin ágúst-september.

### Niðurstöður

#### Lax og urriði


Mynd 3 sýnir lengdardreifingu laxaseiða 31/8-1/9. Tafla 1 sýnir fjölda og þéttleika laxaseiða, sem veiddust á stöðvum 4-7. Fjöldi og stærð veiddra urriðaseiða er sýndur á mynd 4. Mjög mikið vatn var í ánni og seiðin vel dreifð bæði djúpt og grunnt og fjöldinn mikill þrátt fyrir að rennsli væri svona mikið, en þá er mun erfiðara að veiða, straumsins vegna. Mikið veiddist, sérstaklega af nýklöktum seiðum. Það fer ekki milli mála að yfirdrifið er af sumargömlum seiðum, sem er mikið álag á fæðudýrin, enda vaxa þessi seiði ekkert fram að næsta vetri, þau verða jafnstór í maí næsta ár.

Lengdardreifing seiða veiddum 11. maí er sýnd á mynd 5. Hér sést að 1+ seiðin eru þá jafn löng og 0+ seiðin voru 1. september. Þau vaxa ekkert frá byrjun september fram í maí árið eftir.


Alls veiddust 26 urriðaseiði, þau voru nær eingöngu með bökkum á grunnu vatni. Fyrir ofan Tröllafoss fundust 5 seiði, eins og tveggja ára gömul.

| Stöð nr. | Nafn                 | Dags | Stærð<br>m <sup>2</sup> | 0+     |     | 1+     |     | 2+     |     | 3+     |     | Samtals | Þéttleiki<br>Fj./100 m <sup>2</sup> |
|----------|----------------------|------|-------------------------|--------|-----|--------|-----|--------|-----|--------|-----|---------|-------------------------------------|
|          |                      |      |                         | Fjöldi | ml  | Fjöldi | ml  | Fjöldi | ml  | Fjöldi | ml  |         |                                     |
| 4        | O. Hrafnhólabrúar    | 31/8 | 40                      | 16     | 3.5 | 15     | 5.8 | 4      | 8.5 | 3      | 9.4 | 38      | 95                                  |
| 5        | N. Hrafnhóla         | 31/8 | 50                      | 50     | 3.8 | 2      | 6.2 | 3      | 7.3 |        |     | 55      | 110                                 |
| 6        | Miðsvæði efra        | 1/9  | 50                      | 47     | 3.9 | 1      | 5.7 |        |     |        |     | 48      | 96                                  |
| 7        | Miðsvæði neðra       | 1/9  | 40                      | 46     | 3.9 | 5      | 6.3 | 2      | 7.7 |        |     | 53      | 133                                 |
|          | Samtals:             |      | 180                     | 159    | 3.8 | 23     | 6.0 | 9      | 7.8 | 3      | 9.4 | 194     | 108                                 |
|          | Fj/100m <sup>2</sup> |      |                         | 88     |     | 13     |     | 5      |     | 2      |     |         | 108                                 |

Tafla 1. Fjöldi og meðallengd (ml) veiddra laxaseiða í einni yfirferð á stöðvum 4-7 31. ágúst og 1. september 2021 Staðsetning stöðva er sýnd á mynd 12.



Mynd 4. Lengdardreifing veiddra urriðaseiða 31. ágúst og 1. september 2021




Mynd 5. Veidd laxaseiði ofan Hrafnhóla, 11. Maí



Mynd 1. Neðan Hrafnhóla 31. ágúst



Mynd 2. Mikið vatn var í ánni 1. september. Frá miðsvæði neðra.




Mynd 3. Lengdardreifing laxaseiða 31/8 og 1/9 2021




Mynd 6. Seiðin sem veiddust við Stardalsá. Áberandi vel haldin.

| Ár   | 0+   | 1+   | 2+  | 3+  | Samtals<br>Fj.100m <sup>2</sup> |
|------|------|------|-----|-----|---------------------------------|
| 2008 | 7.8  | 5.0  | 0.9 | 0.4 | 14                              |
| 2009 | 18.3 | 4.5  | 4.9 | 1.1 | 29                              |
| 2010 | 30.1 | 13.9 | 1.8 | 0.2 | 46                              |
| 2011 | 12.4 | 5.0  | 2.0 | 0.2 | 20                              |
| 2012 | 9.8  | 4.8  | 1.7 | 0.3 | 17                              |
| 2013 | 13.2 | 15.3 | 2.5 | 0.9 | 32                              |
| 2014 | 43   | 4.4  | 3.5 | 0.5 | 51                              |
| 2015 | 31   | 17   | 2   |     | 49                              |
| 2016 | 95   | 22   | 7   |     | 124                             |
| 2017 | 45   | 13   | -   |     | 59                              |
| 2018 | 30   | 15   | 3   | 0.4 | 48                              |
| 2019 | 71   | 38   | 16  |     | 124                             |
| 2020 | 46   | 20   | 4   |     | 70                              |
| 2021 | 88   | 13   | 5   | 2   | 108                             |

Tafla 2. Þéttleiki aldurshópa laxaseiða í Leirvogsá 2008-2021.



Mynd 7. Meðallengd árganga laxaseiða í Leirvogsá 2000-2021




Mynd 8. Þéttleiki árganga laxaseiða í Leirvogsá 2008-2021

## Seiðafjöldi og vöxtur

Þegar seiðavöxtur er skoðaður 20 ár aftur í tímann, mynd 7, sést að hægst hefur á vexti allra árganga frá árinu 2014. Frá því sama ári hefur fjöldi seiða á fyrsta ári (0+), mynd 8, aukist gríðarlega. Stafar þetta væntanlega af aukinni hrygningu og breyttu veiðifyrirkomulagi, auknum sleppinga á veiddum laxi og banni við öðru en fluguveiðum. Þá sýna myndirnar greinilegt samband milli þéttleika og vaxtar, en það er alþekkt.

## Veiðin

Alls veiddist 279 laxar 2021. Þetta er svipað og í fyrra, 2020, og á sama róli og eftir að veiðifyrirkomulagi var breytt í ánni. Gott vatn var í ánni allt sumarið en vorið var nokkuð kalt og göngur síðar á ferðinni en vant er. Vegna breytts fyrirkomulags veiðiskráninga hjá SVFR er óvíst hve nákvæm hún er. Þá er klakfiskur ekki talinn til veiði



Mynd 9. Laxveiði í Leirvogsá 2006-2021



Mynd 10. Seiði frá stöð ofan við Hrafnhóla



Mynd 11. Seiði frá neðra miðsvæði

## Svæðið ofan við Tröllafoss

Einungis fundust 5 seiði 1 og 2 vetra gömul. Þau voru stór og vel haldin. Ekki fundust nein seiði úr klaki frá í fyrra. Búið er að eyðileggja ræsið yfir Stardalsá svo ekki er hægt að komast niður með ánni nema á stórum jeppa. Þá er grjót og járnplötur úti um allt.

## Hitafar

Fyrstu tíu dagar aprílmánaðar hafa verið mjög kaldir hér á landi. Meðalhiti í Reykjavík er -0,8 stig og er það -3,5 stigum neðan meðallags árunna 1991 til 2020 og -4,2 stigum neðan meðallags sömu daga síðustu tíu árin. Þetta er kaldasta aprílbyrjun á öldinni (21 ár).

Þetta er kaldasta aprílbyrjun aldarinnar víðast hvar á landinu, en sú næstkaldasta við Breiðafjörð, á Vestfjörðum og Ströndum og Norðurlandi vestra.

Næturfrost var fyrstu viku af apríl, sól á daginn en kalt og heiðskirt á nóttunni. Maí var einn sá þurrasti sem komið hefur. Júní var mjög kaldur, 2-6 gráður, norðanáttir og sól sem hlýjaði ána. Litlar fréttir af laxveiði nær allan júní en fyrsti hlýindadagur varð þann 26. þegar hiti í Reykjavík fór í 16 gráður.




Mynd 12. Seiðin sem veiddust ofan við Tröllafoss, 1+ og 2+.




Mynd 13. Ræsið yfir Stardalsá hefur verið eyðilagt.


Hitamælirinn var settur niður 17. apríl. Þrátt fyrir að vorið hafi verið kalt þá er meðalhitinn frekar hár til loka maí (mynd 15). Stafar það af því að það var mjög sólríkt, þó kalt væri í lofti og stundum næturfrost. Sést það vel á hitalínuritinu (mynd 14) hve hitinn er "tenntur".



Mynd 14. Vatnshiti í Leirvogsá 18. apríl til loka júlí 2021. Viku millibil er milli lóðréttra lína



Mynd 15. Vatnshiti í Leirvogsá 18 apríl til 12. júlí.



Mynd 16. Rafveiðistöðvar í Leirvogsá 2020